

Nd.

4. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

f-liður 30. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með lögnum um dýrtíðarráðstafanir, sem Alþingi samþykkti í lok síðast liðins árs, voru teknar upp nokkrar nýjar tekjuöflunarleiðir til þess að afla tekna fyrir dýrtíðarsjóð. Þar á meðal eru í 30. gr. laganna ákvæði um viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi á ýmsum vörum, og í f-lið greinarinnar segir, að greiða skuli í viðbótargjöld „af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélar 50%“.

Frumvarp það, sem hér er flutt, felur í sér, ef að lögum yrði, að þessi háu gjöld á rafmagnstæki til heimilisnota falli með öllu niður.

Eins og alkunnugt er, eiga húsmæður nú mjög erfitt með að fá nægjanlega húshjálp, en þeim er að sjálfsögðu til hins mesta hagræðis að geta fengið nýtizku heimilisvélar til margvíslegra þæginda og vinnu á heimilum. Hafa húsmæður því lagt áherzlu á, að aukinn væri innflutningur slíkra tækja, en jafnframt er með öllu óverjandi, að verðlagi þeirra sé ekki í hóf stillt, svo sem verða má. Þess vegna er þetta frumvarp flutt, og verður nánar gerð grein fyrir því í framsögu.